

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður ses.

Ársreikningur

2014



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Yfirlit yfir afkomu ársins 2014	4
Efnahagsreikningur 31. desember 2014	5
Sjóðstreymi ársins 2014	6
Skýringar	7 - 11

Stjórn VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses.:

Hannes G. Sigurðsson, formaður
Gylfi Arnbjörnsson, varaformaður
Elín Björg Jónsdóttir, meðstjórnandi
Halldóra Friðjónsdóttir, meðstjórnandi
Kristján Þórður Snæbjarnarson, meðstjórnandi
Ólafía Rafnsdóttir, meðstjórnandi
Ragnhildur Ísaksdóttir, meðstjórnandi
Sigurður Bessason, meðstjórnandi
Sólveig Pétursdóttir, meðstjórnandi
Þorsteinn Víglundsson, meðstjórnandi
Þóra Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi
Þórður Hjaltsted, meðstjórnandi
Þórey Þórðardóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Vigdís Jónsdóttir

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Hlutverk VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

VIRK var stofnað á árinu 2008 og hefur frá hausti 2009 veitt markvissa þjónustu um allt land. Starfsemin hefur verið í hraðri uppbyggingu og þróun á undanförunum 6 árum.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afkoma sjóðsins 390,8 millj.kr. á árinu. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru 24 og launagreiðslur félagsins námu um 176,2 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 19 og launagreiðslur félagsins námu um 132,9 millj.kr. á árinu 2013.

Á árinu 2014 hefur átt sér stað mikil þróun í uppbyggingu á þjónustu – sérstaklega þjónustu við einstaklinga sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði. Til að ráða við það verkefni þurfti að fjölga starfsmönnum og ráðgjöfum ásamt því að efla mikið starfsemi þverfaglegra matsteyma hjá VIRK. Þessi staða hefur einnig haft í för með sér mikla aukningu í umfangi á aðkeyprtri starfsendurhæfingaráþjónustu. Nánari upplýsingar um starfsemina og árangur hennar er að finna í skýrslu framkvæmdastjóra í ársriti VIRK árið 2015.

Aukið umfang samfara mikilli faglegri þróun hefur valdið því að rekstrarkostnaður ársins 2014 er um þriðjungi hærrí en hann var á árinu 2013 og mánaðarleg útgjöld VIRK jukust um 50% frá upphafi til loka árs. Í lok árs voru útgjöld VIRK orðin meiri en tekjur þar sem gert var ráð fyrir því í allri uppbyggingu að ríkið myndi koma með framlag til VIRK á síðari hluta ársins. Sú varð ekki raunin en með samkomulagi við ríkið í upphafi árs 2015 er tryggt aðkoma ríkisins að fjármögnun VIRK á næstu árum.



Varasjóður í lok árs var jákvæður um 2.681,6 millj.kr. en var 2.290,9 millj.kr. í byrjun árs. Varasjóður VIRK hefur þannig stækkað um 390 millj.kr. eða um 17% á árinu 2014. Um 70 millj.kr. eru vegna vaxtatekna og frá miðju ári 2014 hefur ekki bæst við í varasjóðinn.

Það er ekki hlutverk eða markmið VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs að safna fjármunum í sjóði. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður er hins vegar ekki með ríkisábyrgð og hann mun því þurfa varasjóð til að geta staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun hefur metið þörf á stærð varasjóðs miðað við starfsemina og niðurstaðan er sú að nauðsynlegur sjóður sé 2.369 millj.kr. króna. Þetta er sjóður sem samkvæmt tölfræðilegum aðferðum er með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaðurinn verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi, eins og oft er gert í tryggingafélögum, þyrfti sjóðurinn að vera 3.333 millj. kr. Það er mat stjórnar VIRK að varasjóður VIRK tryggi í dag það öryggi sem þarf að vera til staðar í rekstri VIRK.


Stjórn VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. mars 2015

Stjórn:



Framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 26. mars 2015

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Yfirlit yfir afkomu ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Iðgjöld			
Iðgjöld	15	2.293.323.946	1.984.542.949
Iðgjöld		<u>2.293.323.946</u>	<u>1.984.542.949</u>
Starfsendurhæfing			
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar	4, 16	(1.569.801.270)	(983.519.593)
Starfsendurhæfing		<u>(1.569.801.270)</u>	<u>(983.519.593)</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og tengd gjöld	3, 17	(228.091.836)	(173.608.221)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	18	(92.778.348)	(74.442.601)
Eignakaup	19	(82.760.209)	(41.894.923)
Rekstrarkostnaður		<u>(403.630.393)</u>	<u>(289.945.745)</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		319.892.283	711.077.611
Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur og verðbætur	5	78.186.384	71.425.622
Sedil- og þjónustugjöld	6	(121.466)	(129.875)
Fjármagnstekjuskattur	6	(7.198.344)	(6.816.265)
		<u>70.866.574</u>	<u>64.479.482</u>
Afkoma ársins		<u>390.758.857</u>	<u>775.557.093</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir

	Skýr.	2014	2013
Fastafjármunir			
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	8	177.014.836	169.629.778
Verðbréf með föstum tekjum	9	1.951.184.051	1.745.650.267
Innlánsreikningar		174.218.023	244.868.933
		<u>2.302.416.910</u>	<u>2.160.148.978</u>
Aðrar eignir:			
Óinnheimt iðgjöld	7	286.339.055	200.290.984
Bankainnstæður		228.064.948	129.370.975
		<u>514.404.003</u>	<u>329.661.959</u>
		<u>2.816.820.913</u>	<u>2.489.810.937</u>

Eigið fé og skuldir

Stofnfé		1.500.000	1.500.000
Varasjóður		2.680.109.964	2.289.351.107
Eigið fé	10, 13	<u>2.681.609.964</u>	<u>2.290.851.107</u>
Ýmsar skammtímaskuldir	11	135.210.949	198.959.830
Skuldir alls		<u>135.210.949</u>	<u>198.959.830</u>
		<u>2.816.820.913</u>	<u>2.489.810.937</u>

Sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins		390.758.857	775.557.093
		<u>390.758.857</u>	<u>775.557.093</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)	(86.048.071)	61.765.414
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)	(63.748.881)	133.792.195
	(<u>149.796.952)</u>	<u>195.557.609</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>240.961.905</u>	<u>971.114.702</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Verðbréf, lækkun (hækkun)	(142.267.932)	(907.171.256)
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>142.267.932)</u>	<u>(907.171.256)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		98.693.973	63.943.446
Handbært fé í ársbyrjun		129.370.975	65.427.529
Handbært fé í árslok		<u>228.064.948</u>	<u>129.370.975</u>

Skýringar

1. Starfsemi

VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

2. Reikningsskilaaðferðir

Lögfesting iðgjalda

Um starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóð gilda lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þar er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í sjóðinn sem nemur 0,13% af heildarlaunum starfsmanna. Þessa fjárhæð ber lífeyrissjóðum að innheimta og skila til VIRK. Einnig er þar kveðið á um greiðsluskyldu lífeyrissjóða í sjóðinn frá og með 1. október 2012 og nema þær greiðslur sömu fjárhæð og lífeyrissjóðirnir innheimta af atvinnurekendum.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, að undanskildu því að hugbúnaður og rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Samanburðartölur fyrra árs

Þar sem nauðsynlegt var talið, hefur samanburðartölum verið breytt til samræmis við breytta framsetningu á rekstrarárinu.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir er færðir í yfirliti yfir afkomu ársins á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning innkomu

Iðgjöld eru færð til tekna í yfirliti yfir afkomu ársins þegar greiðsla berst sjóðnum, en við áramót eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið á fyrstu vikum eftir lok rekstrartímabils bókuð til tekna.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skattamál

Sjóðurinn er ekki tekjuskattsskyldur lögaðili og skattar því hvorki reiknaðir né gjaldfærðir í uppgjöri.

Rekstrarfjármunir

Samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins eru rekstrarfjármunir gjaldfærðir við kaup, en ekki færðir til eignar.

Fjárfestingarverðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutabréf, hlutdeildaskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Verðbréf með föstum tekjum eru skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiða hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Skuldabréf með viðmiðun við hlutabréfavistölur eru hins vegar færð á markaðsvirði.

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög eru færð að nafnvirði.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstremmis.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnvirði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnværðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir eru færðar á nafnvirði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekkins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Laun og launatengd gjöld

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2014	2013
Laun, bifreiðastyrkir og dagpeningar	186.780.487	141.825.585
Lífeyrissjóðsgjöld	16.997.461	12.982.386
Önnur launatengd gjöld	18.068.586	13.941.749
Annar starfsmannakostnaður	6.245.302	4.858.501
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>228.091.836</u>	<u>173.608.221</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	24	19
Launagreiðslur til stjórnenda sjóðsins:		
Framkvæmdastjóri	14.152.920	13.569.402

Stjórnarmenn fá ekki greitt fyrir stjórnarsetu.

Útgöld vegna starfsendurhæfingar

4. Útgjöld vegna starfsendurhæfingar greinast þannig:	2014	2013
Þjónusta og aðstöðugjald vegna ráðgjafa	452.254.745	356.262.393
Sérfræðiþjónusta og matsteymi	197.904.049	119.416.661
Úrræði	919.642.476	507.840.539
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar samtals	<u>1.569.801.270</u>	<u>983.519.593</u>
	2014	2013
Fjöldi stöðugilda ráðgjafa í lok árs	47	41
Fjöldi einstaklinga sem nutu þjónustu á vegum VIRK í lok árs	2.285	1.830
Fjöldi nýrra einstaklinga í þjónustu á árinu	1.782	1.640

Um 43 sérfræðingar voru í sérhæfðum matsteymum í lok árs 2014 en vinnuframlag þeirra var mjög mismunandi. Um er að ræða aðkeypta þjónustu sjálfstæðra verktaka í þessum teymum.

Fjármunatekjur

5. Fjármunatekjur greinast þannig:	2014	2013
Vaxtatekjur	8.588.336	6.748.516
Vaxtatekjur v/fjárvörslu	67.748.620	62.637.825
Vaxtatekjur v/innheimtu lífeyrissjóða	1.849.428	2.039.281
	<u>78.186.384</u>	<u>71.425.622</u>

Fjármagnsgjöld

6. Seðil- og þjónustugjöld greinast þannig:	2014	2013
Þjónustugjöld	19.590	23.590
Þjónustugjöld Visa/Euro	15.345	16.205
Seðilgjöld reikninga	79.288	50.918
Vextir	7.243	39.162
	<u>121.466</u>	<u>129.875</u>
Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur	<u>7.198.344</u>	<u>6.816.265</u>

Óinnheimt iðgjöld

7. Óinnheimt iðgjöld sundurliðast þannig:	2014	2013
Útistandandi hjá lífeyrissjóðum	134.325.441	97.339.478
Útistandandi hjá öðrum	152.013.614	102.951.506
	<u>286.339.055</u>	<u>200.290.984</u>

Verðbréf með breytilegum tekjum

8. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2014	2013
Hlutabréfasjóðir	177.014.836	169.629.778
	<u>177.014.836</u>	<u>169.629.778</u>

Verðbréf með föstum tekjum

9. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:	2014	2013
Skuldabréf með ríkisábyrgð	611.006.592	573.457.506
Íbúðabréf	67.086.749	48.178.932
Ríkisskuldabréf	927.016.550	886.581.070
	<u>1.605.109.891</u>	<u>1.508.217.508</u>
Skuldabréf sveitarfélaga	163.835.889	158.421.018
Skuldabréf lánastofnana	115.407.679	34.394.035
Skuldabréfasjóðir	66.830.592	44.617.706
	<u>346.074.160</u>	<u>237.432.759</u>
Verðbréf með föstum tekjum alls	<u>1.951.184.051</u>	<u>1.745.650.267</u>

Eigið fé

10. Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Flutt frá fyrra ári	1.500.000	2.289.351.107	2.290.851.107
Afkoma ársins		390.758.857	390.758.857
	<u>1.500.000</u>	<u>2.680.109.964</u>	<u>2.681.609.964</u>

11. Ýmsar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:	2014	2013
Lánardrottinnar	117.892.787	179.848.434
Ógreiddir styrkir	10.619.448	14.147.812
Ógreidd staðgreiðsla	5.230.560	3.877.467
Ógreitt tryggingargjald	1.468.154	1.086.117
	<u>135.210.949</u>	<u>198.959.830</u>

Tengdir aðilar

12. Viðskipti við tengd félög árið 2014:	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Skuldir
Alþýðusamband Íslands, stofnaðili	4.192.737	289.236
Efling stéttarfélag, stjórnartengsl	9.956.823	216.422
Starfsgreinasamband Íslands, samtök innan ASÍ	1.352.031	0
Eignarhaldsfélagið Sætúni 1 ehf., í eigu stofnaðila	10.937.421	0
	<u>26.439.012</u>	<u>505.658</u>

Skuldbindingar

13. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 60/2012 skulu framlög til starfsendurhæfingarsjóðs standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita. Sjóðurinn skal ábyrgjast skuldbindingar sínar með framlögum og skal miðað við að sjóðurinn geti staðið við þær.

Benedikt Jóhannesson Ph.D fyrir hönd Talmakönnunar hf. hefur að ósk sjóðsins metið nauðsynlegt umfang varasjóðs vegna starfseminnar. Að hans mati er niðurstaða útreikninga sú að miðað við þá skjólstaðinga sem ekki hafa lokið meðferð í lok árs 2014, sé þörf fyrir varasjóð að fjárhæð 2.369 milljónir króna. Miðast sú þörf við tölfræðilegar aðferðir með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaður verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi, þyrfti að hans mati varasjóður að nema kr. 3.333 milljónum króna.

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

14. Á árinu 2015 var gengið frá samkomulagi á milli VIRKS og fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra um að leggja fram frumvarp til fjárlaga að Alþingi veiti framlög til starfsendurhæfingarsjóða á árunum 2015-2017. Á árinu 2015 verður framlagið 200 m. kr., 650 m. kr. á árinu 2016, en 0,06% af gjaldstofni tryggingagjalds á árinu 2017. Með samkomulaginu er talið að búið sé að uppfylla 9. gr. laga nr. 60/2012 sem kveður á um að þeir sem standa að rekstri starfsendurhæfingarsjóðs skulu gera samning við ráðherra um þjónustu sjóðsins.